

2. Fundur Velferðarnefndar Stranda- og Reykhóla 4.apríl 2011

Annar fundur Velferðarnefndar Stranda- og Reykhóla var haldinn í Félagsmála- og jafnréttisnefnd Strandabyggðar mánudaginn 4. apríl 2011 kl. 14:00 á skrifstofu Strandabyggðar, Höfðagötu 3 í Hólmavík.

Mættir eru Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir(Strandabyggð), Rósmundar Númasonar(Strandabyggð), Andrea Björnsdóttir (Reykhólum), Hrefna Þorvaldsdóttir (Árneshreppi) og Jenný Jensdóttir frá Kaldrananeshreppi.

Fundargerð ritaði: Hildur Jakobína Gísladóttir, félagsmálastjóri.

Dagskrá fundar:

1. Kosning ritara nefndarinnar

Hildur Jakobína Gísladóttir kosin ritari nefndarinnar.

2. Reglur um fjárhagsaðstoð

Samþykkt að nota reglur Strandabyggðar um fjárhagsaðstoð sem sameiginlegar reglur félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps. Félagsmálastjóra falið að yfirfara reglurnar m.t.t. breytts orðalags.

3. Erindi félagsmálastjóra um sumarúrræði fyrir fatlaða einstaklinga

Félagsmálastjóri kynnti úrræðið „Tafl og Bridgefélagið“ fyrir nefndarmönnum en hugmyndin með því var að setja á fót listasmiðju/kaffihús með hollum mat til að virkja fatlað fólk á starfssvæði velferðarnefndarinnar í atvinnu og þar með rjúfa félagslega einangrun þess og um leið koma þeim inn í samfélagið á ný

Velferðarnefnd telur mikilvægt að þeir fatlaðir einstaklingar sem búa í sveitarfélaginu hafi vinnu í sumar og telja að með því að gera samning við fyrirtæki í sveitarfélag starfssvæði velferðarnefndarinnar muni það rjúfa félagslega einangrun þessara aðila auk þess að vera vinnuskapandi fyrir ungt skólafólk sem gæti tekið að sér að aðstoða fólkið í atvinna með stuðningi. Félagsmálastjóra er falið að leita eftir samstarfi fyrirtækja á starfssvæðinu og gera vinnusamning við atvinnurekendur og vinnuþiggjanda með félagslegri aðstoð (AMS) þar sem þess er þörf.

4. Trúnaðarmál

Bókun: Niðurstaða skv. bókun í málinu færð í trúnaðarbók.

5. Trúnaðarmál

Bókun: Niðurstaða skv. bókun í málinu fært í trúnaðarbók

6. Önnur mál

Trúnaðaryfirlýsing

Allir nefndarmenn Velferðarnefndar ásamt félagsmálastjóra undirrituðu trúnaðaryfirlýsingu á fundinum. Trúnaðaryfirlýsing er þagnarheit um þær persónulegu upplýsingar sem fjallað er um í nefndarstörfum og starfi félagsmálastjóra.

Erindi félagsmálastjóra um gerð samþykktar fyrir nefndina. Umboð, starfshættir og fundarsköpun nefndarinnar þurfa að vera skýr. Félagsmálastjóri mun leggja drög að slíkri samþykkt fyrir Velferðarnefnd.

Kynning á störfum Félagsþjónustunnar

Félagsmálastjóri leggur til að starfssemi Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps verði kynnt fyrir íbúum hvers sveitarfélags fyrir sig. Þessar kynningar munu fara fram í apríl mánuði.

Siðareglur

Félagsmálastjóri leggur til við nefndina að gerðar verði siðareglur nefndarinnar til að leggja áherslu á trúnað, heiðarleika og drengskap við störf í jafn viðkvæmum málaflokkum sem heyra undir nefndina.

Námskeið vegna starfa nefndarmanna Félagsmálanefnda og Velferðarnefnda á vegum Sambands íslenskra Sveitarfélaga verður haldið á Ísafirði þann 9.mái nk. Verkefnastjóri verkefnahóps BS Vest hefur óskað eftir kynningu á Velferðarnefnd Stranda og Reykhóla eftir námskeiðið sama dag.

Fundargerð verkefnahóps BS Vest um yfirfærslu málefna fatlaðs fólks lögð fyrir nefndarmenn til upplýsinga.